

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Múlaþingi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi á Borgarfirði eystri.

Hreppsnefnd Borgarfjarðar eystri samþykkti þann 7. september 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir gistihús á Bökkum.

Breytingin felst í stækkun lóðar fyrir gistihús um 3.245 m², úr 5.985 m² í 9.230 m². Byggingarreitir stækka ásamt því að hann breytist í samræmi við núverandi byggingar, úr 1.817 m² í 5.502 m².

Óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir Bláargerði 24-26, suðursvæði Egilsstaða.

Heimastjórn Fljótisdalshéraðs samþykkti þann 2. desember 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir suðursvæði Egilsstaða. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðarmörkum Bláargerðis 24-26 og felst í sameiningu tveggja einbýlishúsalóða í eina raðhúsalóð með 4 íbúðum. Stærð lóðar breytist og bílastæðum fjölga. Byggingarmagn helst óbreytt en mænishæð breytist og byggingarreitir færast um 4 m sunnar. Nýjum húsnúmerum verður bætt við Bláargerði 24a og 26a. Að öðru leyti haldast almennir skilmálar óbreyttir.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Selbrekku – efra svæði, Egilsstöðum.

Heimastjórn Fljótisdalshéraðs samþykkti þann 2. desember 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi Selbrekku, efra svæðis á Egilsstöðum. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðarmörkum Egilssels 17 og felst í stækkun lóðarinnar um 91 m² eða úr 664 m² í 755 m². Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

Egilsstöðum, 25. janúar 2021.

Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2021